

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Glaðheimar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs frá 23. apríl 2002.

Breytingin tekur til 12,6 ha svæðis í Glaðheimum, sem afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Bæjarlind til norðurs, Bæjarlind 1-3 og athafnasvæði við Akra- og Askalind til austurs og fyrirhuguðum Arnarnesvegi til suðurs. Innan marka svæðisins er áhaldahús Kópavogsbæjar og athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts, hesthús, gerði, skeiðvöllur og reiðskemma.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota (hesthúshverfi) breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu og að hluta til í blandaða landnotkun verslunar- og þjónustu- og íbúðasvæðis. Lóð áhaldahúss breytist úr athafnasvæði í blandaða landnotkun verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæðis. Aðkoma að svæðinu verður frá Arnarnesvegi, Lindarvegi og Bæjarlind sem tengist Reykjanesbraut. Gert er ráð fyrir tengingu nýrrar safnbrautar, Glaðheimavegar, við Arnarnesveg, en brautin mun einnig tengjast Bæjarlind. Núverandi byggingar á svæðinu verða rifnar eða færðar en í staðinn er gert ráð fyrir 130.000 m<sup>2</sup> af verslunar- og þjónustuhúsnæði, sem að hluta til verður háreist og 28.000 m<sup>2</sup> af íbúðarhúsnæði, eða um 245 íbúðum. Meðalnýting á svæðinu verður 1,25 en útfærsla einstakra lóða verður ákveðin í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á hverja íbúð og 1 bílastæði á hverja 35 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis. Reiðleiðir á svæðinu falla brott og gönguleiðir breytast. Gert er ráð fyrir breikkun Reykjanesbrautar í 6 akreinar í áföngum og hliðargötum meðfram henni. Einnig er gert ráð fyrir nýrri tengibraut og gönguleið í undirgöngum undir Reykjanesbraut milli Hagasmára og Bæjarlindar. Gert er ráð fyrir að lóðir og byggingar að Bæjarlind 18 og Hæðasmára 2, 4 og 6 haldist að mestu óbreytt. Þó geti lóðamörk breyst við gerð deiliskipulags Reykjanesbrautar. Í stað mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut við Lindir IV er gert ráð fyrir undirgöngum fyrir akandi og gangandi umferð.

Breytingin er í samræmi við breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sem staðfest var af umhverfisráðherra 26. maí 2008.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*